

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Ágrip úr réttarfari

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: **Ágrip úr réttarfari (25%)**
ATH. Prófið er þrískipt: Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (50%) ábyrgðir (25%), ágrip úr réttarfari (25%).

Prófdagur: **31. október 2012** Kl.: **16:00-20:00**

Próftími alls: **Prófblöð 4**
vegna þessa hluta prófsins, þmt. forsíða):

Leyfileg hjálpargögn: **Fylgiblöð:** *Sleppa alveg þegar engin fylgiblöð eru*

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs. Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi. Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og líta þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGAN.

GANGI ÞÉR VEL.

Ágrip úr réttarhari (25%)

Gerio grein fyrir eftirfarandi hugtökum (15%):

- a. Stefna í almennu einkamáli (3%).**
- b. Nauðungarsala (3%).**
- c. Greioðslustöðvun (3%).**
- d. Dómur í almennu einkamáli. Gerio sérstaka grein fyrir réttaráhrifum sem dómur í almennu einkamáli hefur (6%).**

B. Fullyrðingar (10%)

Einungis er eitt rétt svar við hverri krossaspurningu.

Gefið er 2,0% fyrir hvert rétt svar.

Dregið er frá 0,5% fyrir rangt svar.

Ef ekki er tekin afstaða til fullyrðingar telst svarið hvorki rétt né rangt.

Lesið fullyrðingarnar vandlega yfir áður en svarað er.

1. Hver eftirtalinna fullyrðinga er **rétt**:

- Lánardrottinn getur krafist þess að bú skuldara verði tekið til gjaldþrotaskipta ef kyrrsetning, löggeymsla eða fjárnám hefur verið gert hjá skuldara á síðustu sex mánuðum.
- Þær kröfur, sem nauðasamningur tekur til, eru einu nafni nefndar samningskröfur, þ.á m. þær kröfur á hendur skuldara sem tryggðar eru með ábyrgð þriðja manns.
- Dómum héraðsdóms er ávallt hægt að áfrýja til Hæstaréttar svo lengi sem það er gert innan 90 daga frá uppkvaðningu dóms.
- Stefnu í almennu einkamáli er ávallt heimilt að birta í Lögbirtingarblaðinu.
- Dóma félagsdóms er ávallt hægt að kæra til Hæstaréttar til endurskoðunar svo lengi sem það er gert innan 7 daga frá uppkvaðningu dóms.

2. Hver eftirtalinna fullyrðinga er **rétt**:

- Greiðslustöðvun er réttarúrræði sem gefur hverjum kröfuhafa færi á að neyta vanefndarúrræða sinna gagnvart skuldara.
- Héraðsdómstólar eru 6 talsins og svara lögsagnarumdæmi þeirra til stjórnarsýslumdæma sýslumanna.
- Greiðslustöðvun er réttarúrræði sem hver skuldari getur aðeins nýtt sér einu sinni á líftíma sínum.
- Aðili einkamáls getur einungis verið einstaklingur eða lögpersóna sem nýtur réttþæfis, þ.e. getur átt rétt eða borið skyldu.
- Sú lögfræðilega spurning hvort lög standist stjórnarskrá má bera undir dómstóla, burtséð frá því hvort stefnandi í málinu hafi lögvarða hagsmuni af því að fá úr því skorið.

3. Hver eftirtalinna fullyrðinga er **rétt**:

- Mál til greiðslu á kröfu skv. víxli eða tékka er annað hvort hægt að höfða sem almennt einkamál eða skv. sérreglum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- Héraðsdómarar eru skipaðir til 5 ára í senn, en þó verða þeir að láta af starfi ekki síðar en við 70 ára aldur.
- Ef útivist verður af hálfu stefnda í einkamáli skal dómari vísa málinu frá dómi.
- Í undantekningartilvikum er aðila máls heimilt að fela maka sínum að flytja einkamál fyrir sína hönd fyrir rétti, t.a.m. ef aðillinn er ófær um slíkt vegna veikinda.
- Skuldabréf getur einungis verið aðfararheimild (skv. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför) svo lengi sem fasteign hafi verið sett að veði til tryggingar greiðslu skuldabréfsins.

4. Hver eftirtalinna fullyrðinga er **röng**:
- () Fjárnám í fasteign getur verið undanfari nauðungarsölu fasteignarinnar.
 - () Eftir að nauðasamningur hefur verið gerður getur skuldari, að vissum skilyrðum fullnægðum, aftur fengið heimild til að leita nauðasamnings.
 - () Fjárnám í lausafé getur verið undanfari nauðungarsölu lausafjárins.
 - () Beiðni um fjárnám til fullnustu peningakröfu er heimilt að beina til héraðsdóms.
 - () Aðilaskýrsla í almennu einkamáli er skrifleg yfirlýsing aðila þar sem aðilinn dregur saman skoðanir sína á málinu í stuttu máli og lögð er fyrir dóminn með öðrum sönnunargögnum.
5. Hver eftirtalinna fullyrðinga er **röng**:
- () Fjárnám er hægt að gera í rafrænt skráðum hlutabréfum.
 - () Við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um að bú skuldara sé tekið til gjaldprotaskipta falla allar kröfur á hendur þrotabúinu um greiðslu peninga sjálfkrafa í gjalddaga óháð því hvenær umsamin gjalddagi hveurrar kröfu átti að vera.
 - () Héraðsdómari skal að jafnaði leita sátta milli aðila máls, en úrlausn hans í málinu verður þó ekki ómerkt af Hæstarétti fyrir þær sakir einar að sátta hafi ekki verið leitað.
 - () Aðili einkamáls getur fengið dómkvadda matsmenn til að leggja mat á lögfræðileg atriði, t.a.m. hvernig túlka beri lagareglu, svo lengi sem reyni á lagaregluna í einkamálinu.
 - () Niðurfelling samningskröfu lánardrottins í heild sinni á hendur skuldara samkvæmt nauðasamningi kemur ekki í veg fyrir að lánardrottinn geti krafið ábyrgðarmann skuldarans um greiðslu á allri samningskröfunni.